



TRÉ LÍFSINS



Vegferð Trés lífsins

- Hófst árið 2015. Hófst innan stjórnarsýslunnar 2019. Enn ólokið
- Við erum búin að fara að öllum leikreglum
- Við erum búin að vera kurteis og bíða róleg
- Við erum komin með lóð, leyfi Sýslumanns og fjármögnunarvilyrði fyrir 80% af stofnkostnaði
- Við stofnuðum Bálfarafélag Íslands til að ýta á eftir framgangi mála innan stjórnarsýslunnar og til að heiðra söguna
- Við lendum í eftirágjörningi og stjórnarsýslulegum fantabrögðum með lagabreytingatillögu í þingskjali 154 – 153 máls.



Um hvað snýst málið?

- RÉTTLÆTI OG SANNGIRNI
- VALFRELSI OG JAFNRÆÐI
- PENINGA



Stóru spurningarnar sem er ósvarað

- Hvers vegna vill ríkið að Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma (KGRP) reki bálstofu?
- Við höfum ekki fengið upplýsingar um hvort stefnumótun um málin hafi farið fram í DMR og hver hafi komið að henni.
- Hvaðan eiga peningarnir til byggingar nýrrar bálstofu KGRP að koma?
- Hvers vegna þiggur ríkið ekki þá lausn sem við bjóðum sem er framsýn, falleg og umvefjandi fyrir öll?



Spurningar til DMR í kjölfar svars ráðuneytisins frá 15. desember 2022- ENN ÓSVARAÐ

1. Er ráðherra kunnugt um að DMR sé búíð að svara Tré lífsins vegna erindisins frá 15. nóvember?
2. Lýsir þetta bréf afstöðu ráðherra og hans flokks til bálframála?
3. Stendur til að dómsmálaráðuneytið eða ríkið fjármagni byggingu nýrrar bálstofu á vegum kirkjugarðanna? Var tillit tekið til þess að það mun ekki kosta ríkið eina krónu í byggingu bálstofu ef Tré lífsins tekur við verkefninu? Eingöngu verður farið fram á gjaldið sem fellur til bálfara (milli 50-60 þús per bálför) sem greitt er nú þegar skv. samkomulagi ríkisins og kirkjugarðaráðs frá 2005.
4. Á að ráðast í byggingu nýrrar bálstofu strax? Starfsleyfið frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur sem vísað er í og gildir til 2033 á að endurskoða eftir þrjú ár og á næsta ári þarf að skila inn tímasettri áætlun um innleiðingu mengunarvarna.
5. Hver er ástæða þess að ákveðið var að hefja viðræður við KGRP á haustmánuðum um áframhaldandi rekstur bálstofu og hvers vegna var Tré lífsins ekki boðið til sama samtals? Ráðuneytið taldi okkur trú um að bæði væri verið að skoða Tré lífsins og KGRP þegar skýrsla um þessi mál var unnin af ráðuneytinu í vor en Tré lífsins hefur verið í samskiptum við ráðuneytið vegna þessara mála í tæp þrjú ár, eða frá janúar 2020.
6. Hvaða aðila kallaði ráðuneytið til samráðs vegna ákvörðunar um fyrirkomulag bálfara á Íslandi til framtíðar? Þessari spurningu var ósvarað úr okkar erindi. Ráðuneytið lýsir engri stefnumótun í málaflokknum sem stjórn Trés lífsins hafði verið sagt að yrði framkvæmd.
7. Tré lífsins er komið með samþykki Sýslumanns fyrir skipulagi og staðsetningu bálstofu í Rjúpnadal í Garðabæ, vilyrði fyrir 80% lánsfjármagni og lóð sem staðfest hefur verið af Skipulagsstofnun. Miklum tíma, vinnu og fjármunum hefur verið varið í verkefnið. Þessi afstaða ráðuneytisins hefur mjög alvarleg áhrif á áætlanir okkar og því verða svör ráðuneytisins að vera skýrari en gefin eru í þessu svarbréfi frá 15. desember.

Við krefjumst tafarlausra, skýrra, tölusettra svara með góðum rökstuðningi fyrir því hvers vegna þessi leið er farin vegna þess hve stórkostleg áhrif ákvörðunin mun hafa á verkefnið Tré lífsins og framtíðarfyrirkomulag bálfara á Íslandi.

www.trelifsins.is



[/trelifsins](https://www.facebook.com/trelifsins)



[@trelifsins](https://www.instagram.com/trelifsins)

| sigrdur.bylgja@trelifsins.is |